

1861. **46. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins**
 19. ágústm. **yfir Íslandi, um linun í jarðarafgjaldi af klaustur-
 jörðinni Klauf.**

Með því jörðin Klauf, er heyrir undir umboð Þykkvabæjar-
 klausturs, núna síðustu árin hefir orðið fyrir áföllum miklum af
 sandfoki, hafið þér, herra stiptamtmaður, eptir bón Runólfs
 Sveinssonar, sem er ábúandi á jörð þessari, stungið upp á því
 í bréfi 13. desemberm. f. á., að honum sé leyft að borga með
 peningum eptir meðalverði allra meðalverða í verðlagsskrá á ári
 hverju, í fardögum 1861 og svo þaðan af, þangað til öðruvísi
 verður ákveðið, þá 30 álna landskuld, sem hann eptir bygg-
 ingarbréfi sínu á að greiða eptir meðalverði verðlagsskrár á ull,
 smjóri og tólg.

Í þessu efni sé yður það til vitundar gefið, sjálfum yður
 til leiðbeiningar, og til þess þér auglýsið það, að dómsmála-
 stjórnin fellst á, að landskuldargjald það, sem hér er um rætt,
 sé greitt á þann hátt, er þér stingið upp á, þó fyrst um sinn
 aðeins í 3 ár; en þegar sá tími er liðinn, ber að senda stjórnar-
 ráðinu skýrslu um, hvornig jörðin er á sig komin.

21. ágústm. **47. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins**
 yfir Íslandi, um framfærsluhrepp sveitarómaga.

Með bréfi 31. janúarm. þ. á. hafið þér, herra stiptamt-
 maður, sent hingað skjal nokkurt; í því biður sveitarstjórnin í
 Fljótshlíðar hrepp um, að dómsmálastjórnin skeri úr ágreiningi,
 sem orðið hefir milli þessa hrepps og Hvols hrepps um hinn
 rétta framfærsluhrepp Jóns Ólafssonar á Giljum.

Í þessu efni sé yður það til vitundar gefið, sjálfum yður
 til leiðbeiningar og til þess þér auglýsið það þeim, er hlut eiga
 að máli, að stjórnarráðið fellst á úrskurð þann, er þér, herra
 stiptamtmaður, lögðuð á mál þetta 2. dag maím. 1860, en eptir
 þeim úrskurði ber svo að álíta, að Jón Ólafsson eigi framfærslu-
 rétt í Fljótshlíðarhrepp.